



Lestraráherslur Grunnskóla Borgarfjarðar Yngsta stig



Kæru foreldrar/forráðamenn

Haustið 2017 er lestrastefna Borgarbyggðar tekin í gagnið en hún var unnin af stýrihóp úr leik- og grunnskólum Borgarbyggðar. Stefnuna má lesa í heild sinni inn á heimasíðu skólanna og sveitarfélagsins

http://www.gbf.is/Files/Skra_0077126.pdf

Í þessum bækling er búið að setja fram markmið, kennsluaðferðir, matstæki, viðmið og úrræði fyrir yngsta stig grunnskólans.

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir að kynna sér þennan bækling vel og vera í góðu sambandi við kennara um lestranáám nemenda.

Lesfimi

Markmið:

- Að nemendur fái áhuga á lestri og geti lesið sér til ánægju.
- Að nemendur auki lestrarfærni sína.
- Að nemendur geti nýtt lestur í námi og daglegu lífi.

Kennsluaðferðir:

- Byrjendalæsi
- Yndislestur
- *Hljóðaaðferð*
- Ritháttarlestur/orðmyndalestur
- Skrifa sig til lesturs
- Hljóðkerfisvitundarþjálfun
- Stafainnlögn
- PALS

Matstæki:

1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur
Lesferill-lesskimun - október	Lesferill – lesfimiþróf september, janúar og maí	Lesferill – lesfimiþróf september, janúar og maí	Lesferill – lesfimiþróf september, janúar og maí
Lesferill – lesfimiþróf janúar og maí	Læsi lestraskimun/lesmál nóvember og apríl	Logos - bekkjarskimun janúar	
Læsi lestrarskimun febrúar og apríl			

Viðmið:

Leshraðaviðmið Menntamálastofnunar um lesin orð á mínútu


Bekkur	Metnaðarfull-Viðmið (V3)	Almenn viðmið (V2)	Lágmarks viðmið (V1)
1.	75	55	20
2.	100	85	40
3.	120	100	55
4.	145	120	80

Úrræði fyrir þau sem ná ekki lágmarksviðmiðum

- Einstaklingsáætlunn í lestri og ritunn
- Lestrarnámskeið
- Ráðgjöf frá sérkennaraForeldrarnámskeið frá skólajónustu
- Sérhæfð lestrartengd verkefni

Hvers vegna er mikilvægt að barn lesi heima á hverjum:

- ✓ Lestur þarf að æfa daglega til að byggja upp góða umskráningarfærni og lesfimi.
- ✓ Lesfimi þarf að viðhalda eins og hverri annarri færni.
- ✓ Daglegur lestur eykur orðaforða barna og eflir þar með lesskilning.(sjá mynd)



Nagy og Herman., 1987

Lesskilningur

Markmið:

- Að nemandi geti lesið sér til skilnings og ánægju
- Að nemendur fái áhuga á lestri.
- Að nemendur auki orðaforða sinn
- Að nemendur geti nýtt lestur í námi og daglegu lífi.

Kennsluaðferðir:

Á blaðsíðu 6 og 9 í Lestrastefnu leik- og grunnskóla Borgarbyggðar er að finna nánari útfærslu.

Matstæki:

1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur
Læsi lestrarskimun 3.hefti - apríl	Lesmál - apríl	Orðarún - október og febrúar	Orðarún - október og febrúar Samræmdkönnunarpróf - september

Viðmið:

- Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá sértæka lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Ástæða getur verið til að fá prófun á málproska hjá Skólajónustu ef nemandi fær færri en 8 stig.

Úrræði fyrir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum:

- Einstaklingsáætlunn í lesskilningi
- Orðaforðavinna í bekk
- Ráðgjöf frá sérkennara
- Aukinn lestur og hlustun

Hugmyndir að heimalestraræfingum

Skrifa orð eða setningar eftir upplestri

Foreldrar velja orð eða setningu úr textanum sem barnið var að lesa og lætur barnið skrifa upp eftir upplestri og barnið fer yfir hvort það er rétt skrifað ef það er ekki rétt skrifað þá strika þau yfir og skrifa það rétt við hliðina.

Lesskilningur

Ræða merkingu orða í texta, spyrja spurninga um leið og lesið er, draga fram lykilatriði, tengja efnið við það sem barnið þekkir og lesa á milli lína.

Lestur með tímatöku

Blaðsíðan er lesi þrisvar sinnum og tíminn tekinn í hvert sinn. Barnið keppir þanni við sjálf sig og reynir að bæta eigin tíma við hverja endurtekningu.

Lestrabingó

Foreldrar búi til lestrabingó með barninu þar sem valið er í sameiningu hinar ýmsu lestrarstellingar og aðstæður eru í boði við lesturinn. Inná heimasíðu Heimila og Skóla eru hugmyndir af lestrabingó. <http://www.heimilhogskoli.is/laesi/lestrarbingo/>

Paralestur

Foreldrar og barn lesa upphátt til skiptis t.d. eina og eina setningu eða efnisgrein.

Dagblaðslestur

Les grein eða frétt í dagblaði og lesa upphátt fyrir foreldri/forráðamann.

Lestur í hljóði/yndislestur

Barn les í hljóði öðru hvoru og á síðan að segja foreldri frá því sem það var að lesa.

Framhaldssögulestur

Barn og foreldri velja sér saman sögubók og lesa hana saman upphátt fyrir hvort annað.

Áhugasviðslestur

Foreldri og barn finnur í sameiningu texta eða sögu sem höfðar til áhugasviðs barnsins.

